

Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rannveig Ólafsdóttir

Þjóðgarðar og ferðapjónusta

1. hluti: Sambúð þjóðgarða og ferðapjónustu

ÞJÓÐGARÐAR eru ein tegund náttúruverndar. Markmið með stofnun þjóðgarðs og rekstri er að vernda náttúru en jafnframt að taka á móti gestum sem vilja koma á hið verndaða svæði og njóta þess. Þjóðgarðar voru upphaflega stofnaðir til að vernda stórbrotna náttúru og víðerni. Samhliða aukinni eftirspurn eftir náttúruferðamennsku úti um allan heim hefur hugtakið *þjóðgarður* fengið ákveðna táknræna merkingu. Það að svæði sé verndað sem þjóðgarður er vísbending um að þar sé eitthvað markvert að sjá. Á þann hátt eru þjóðgarðar segull fyrir ferðamenn og þar af leiðandi er það ákveðið markaðstæki fyrir ferðapjónustuna að svæði heiti þjóðgarður og sinni því hlutverki. Undanfarna ára-tugi hefur fjölbreytt ferðapjónusta byggst upp innan þjóðgarða og umhverfis þá, og hefur það skapað bæði tekjur og störf. Þjóðgarðar eru því mikilvægir fyrir byggðaðróun en uppbygging ferðapjónustu innan þeirra skapar hins vegar ýmiss konar áskoranir við verndun viðkomandi svæðis. Sitt sýnist hverjum um þá uppbyggingu og mannvirki sem viðeigandi sé í þjóðgörðum. Sú sýn byggist oft á ólíku viðhorfi fólks til náttúrunnar og þeim skilningi sem það leggur í hugtök eins og *þjóðgarður* og *víðerni*. Í þessari grein er gefið stutt yfirlit um sögu þjóðgarða og fjallað um sambandið á milli náttúruverndar og ferðapjónustu, sem oft á tíðum getur verið mótsagnakennt.

INNGANGUR

Nýlega var lagt fram frumvarp á Alþingi um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Í frumvarpinu er kveðið á um að markmiðið með stofnun þjóðgarðsins sé að endurspegla hið tvíþætta hlutverk þjóðgarða, þ.e. að varðveita náttúrugæði svæðisins annars vegar og hins vegar að auðvelda aðgengi að miðhálandinu.¹ Í þessari grein er sjónum beint að sambandinu á milli náttúru-verndar og ferðapjónustu og verður reifuð mótsögnin sem felst í þessu sam-bandi. Greinin er sú fyrri af tveimur um þjóðgarða og ferðamennsku í þessu hefti Náttúrufræðingsins og fjallar sú síðari um viðhorf ýmissa aðila innan íslenskrar ferðapjónustu til hugmynda um þjóðgarð á miðhálandi Íslands.

Vegna vaxandi umsvifa mannsins fækkar ört þeim svæðum sem hefur verið tiltölulega lítið raskað vegna at-

hafna mannkyns.² Víða um heim hefur verið gripið til þess ráðs að vernda landsvæði gegn hefðbundinni nýtingu, meðal annars með því að friða þau sem þjóðgarða. Friðlýst svæði í heiminum voru árið 2020 um 260 þúsund og eru um 80% þeirra í Evrópu og Norður-Am-eríku. Tæplega sex þúsund þeirra eru skilgreind sem þjóðgarðar.^{3,4}

Nýleg rannsókn⁵ sýnir að um 8 millj-ardar ferðamanna heimsækja árlega friðlýst svæði á heimsvísu, og hefur fjöldi þeirra ferðamanna sem heimsækja þjóðgarða farið vaxandi undanfarna áratugi. Ástæður þess eru meðal annars aukið aðgengi og aukin almenn bílaeign. Einnig má nefna samfélagsbreytingar eins og aukinn frítíma fólks, hærri ráð-stöfunartekjur, aukna menntun, vax-andi áhuga á umhverfismálum, þróun á ferðavörum sem auka þægindi ferða-fólks, aukinn áhuga á útivist og síðast

en ekki síst fjölgun friðlýstra svæða.⁶ Þessi þróun hefur jafnframt leitt til þess að náttúruferðamennska (e. nature tourism eða nature-based tourism) er orðin einn helsti vaxtarbroddur ferða-þjónustu víða um heim og atvinnu-greinin ferðapjónusta þar af leiðandi stórnotandi þessarar náttúruauðlindar, með tilheyrandi áhrifum á vistkerfi, dýralíf, landslag, loftgæði o.s.frv.^{7–10}

Markmið þjóðgarða er almennt tvíþætt. Annars vegar verndun, sem felur í sér að vernda bæði náttúruna í líffræðilegum og jarðfræðilegum fjölbreytileika sínum og þær menn-ingarminjar sem viðkomandi svæði býr yfir. Hins vegar er markmið þjóðgarða þjónusta við ferðamenn.¹¹ Vegna vax-andi fjölda gesta í þjóðgörðum hafa víða orðið árekstrar milli þessara tveggja hlutverka þjóðgarða, verndunar nátt-úru og að gefa kost á fræðslu og upp-



1. mynd. Glacier Point í Yosemite-þjóðgaðinum í Bandaríkjunum er einn glæsilegasti útsýnisstaðurinn í þjóðgarðinum. Þaðan sést yfir Yosemite-dal og sérkennileg granítfjöll eins og t.d. Half Dome sem er til hægri á myndinni. – Spectacular view from Glacier Point in Yosemite National Park over the Yosemite Valley and the high granite summits such as Half Dome which is on the right. Ljós./ photo: Anna Dóra Sæþórsdóttir.

lifun, og reynist skipulagning og stýr-ing þjóðgarða oft erfið glíma vegna þessara árekstra.^{12–14} Aukin ferða-mennska í þjóðgörðum hefur enn fremur bætt við þriðja hlutverkinu: Að vera ákveðið úrræði í byggðaðróun. Þegar þjóðgarðar verða vinsælir ferða-mannastaðir skapar tilvera þeirra oft miklar tekjur og störf og það eflir nálægar byggðir.^{15,16} Skipulag og störf í þjóðgörðum hafa því í síauknum mæli snúið um ferðamennsku og ýmsar hliðar hennar. Víða um heim hafa aukin áhrif nýfrjálshyggju (e. neoliberalism) í stjórnmálum leitt til þess að dregið hefur úr opinberu framlagi til þjóð-garða og þeim þess í stað gert að treysta meira en áður á eigin tekjuöflun, svo sem aðkomugjöld fyrir ferðamenn. Það hefur leitt til þess að í þjóðgörðum fer æ meiri tími í að afla tekna á kostnað þess að sinna náttúruvernd.^{17–19}

NÁTTÚRAN SEM FÉLAGSLEG SMÍÐ

Orðið *þjóðgarður* kallar eflaust fram í hugum flestra Íslendinga mynd af fall-egri og stórbrotinni náttúru og hjá ein-hverjum kvikna ef til vill hugsanir um nátengd hugtök eins og *náttúru* og *við-erni*. Notkun hugtaka og sá skilningur sem fólk leggur í merkingu orða skiptir verulegu máli fyrir umræðuna um náttúruvernd og þjóðgarða og verður því stuttlega gerð grein fyrir þessum tveimur lykilhugtökum.

Hugtakið *náttúra* er almennt notað um hinn lífvana efnisheim, sem og lífverur, og er oftast stillt upp sem andstæðunni við mannheim (samfé-lag manna). Landfræðingurinn Noel Castree²⁰ bendir á að það sé fyrst og fremst gömul hefð að setja jafnólík fyr-irbæri og fjöll, fiska og snjó undir hug-takið *náttúra*, hugtök sem eiga í sjálfu sér ekkert sameiginlegt. Í ljósi þess

hvað hugtakið hefur fjölbreytta merk-ingu og nær yfir margt er það oft talið eitt það flóknasta í orðaforða okkar.^{21,22} Hugtakinu fylgir ákveðin tvíhyggja sem felst í því að náttúran er skilin frá sam-félagi manna, og náttúrulegt umhverfi á þann hátt gert að andstæðu manngerðs umhverfis. Þá aðgreiningu má rekja alla leið til landbúnaðarbyltingarinnar fyrir um 10–12 þúsund árum þegar mannfólkið fór að rækta land og halda húsdýr. Reistir voru veggir sem skýldu mönnum og húsdýrum þeirra og héldu jafnframt úti villidýrum á svæði þar sem baráttan við náttúruna var háð.^{23,24} Í aldanna rás jókst þessi aðskilnaður enn frekar eftir því sem mannkynið lagði stærri hluta jarðar undir athafnir sínar og mótaði náttúruna í síauknum máli að sínum þörfum. Til þeirra svæða jarðar sem mannfólkið hefur, enn sem komið er, lítið sem ekkert sett mark



2. mynd. Á botni Yosemite-dals eru engjar, votlendi og fjölbreytt gróðurlendi og dýralíf. Þar eru einnig furu- og eikarlundir en dalurinn sjálfur er umlukinn háum granítfjöllum. – Meadows, wetlands and diversity of plants and animals characterize the bottom of Yosemite Valley. In-between there are groves of pine and oak all surrounded by high granite summits. Ljósmynd. / photo: Anna Dóra Sæþórsdóttir.

3. mynd. Í Yosemite-dal eru margir af frægustu fossum Yosemite-þjóðgarðsins, þar með talið Nevada-foss. Myndin er tekin af gönguleið sem kennd er við John Muir. – Many of the most famous waterfalls in Yosemite National Park are located in Yosemite Valley. This photograph is taken from the John Muir Trail. Ljósmynd. / photo: Anna Dóra Sæþórsdóttir.

sitt á er yfirleitt vísað sem óraskaðrar eða villtrar náttúru, eða æ oftar sem *viðerna*.^{23,25} Ýmsir höfundar^{20,26,27} hafa hins vegar bent á að mörkin á milli manngerðs og náttúrulegs umhverfis séu oft á tíðum óljós og því ekki rétt að draga svæði í dilka eftir því hvort þau eru umhverfi manna eða náttúruleg. Þeir hafna þannig verufræðilegri tilveru náttúrulegs umhverfis.^{28–30} Um þetta kemst Tuan³¹ þannig að orði: „Víðerni“ er ekki hægt að skilgreina á hlutlægan hátt: Þau eru ekki síður huglægt ástand en lýsing á ástandi náttúrunnar.“ Með þessari nálgun er litið svo á að hugmyndir fólks um náttúruna séu *félagsleg smíð* (e. socially constructed), sem sagt menningarlegt fyrirbæri sem hefur orðið til í ákveðnu sögulegu samhengi.^{32,33} Ákvarðanir um verndun náttúrulegra svæða eru teknar í samfélögum í ljósi þess huglæga veruleika sem fólk í þessum samfélögum byggir ákvarðanir sínar á. Þekking og viðhorf fólks til þess sem það telur að sé þess virði að vernda eru samkvæmt þessu alltaf félagslega mótuð og endurspegla þannig mat á því hvers konar náttúra er þess virði að vernda.³⁴ Í þessum skilningi eru þjóðgarðar rými sem mótast allt í senn af þeirri eðlisrænu náttúru sem þar er að finna, og af félagslegum, pólitískum og menningarlegum þáttum.³⁵ Með þetta í huga skulum við nú snúa okkur að tilurð þjóðgarða.

FYRSTU ÞJÓÐGARÐARNIR

Hugmyndin um þjóðgarð (e. national park) á rætur sínar að rekja til Bandaríkjanna á seinni hluta 19. aldar.^{11,36} Evrópskir landnemar voru í óða önn að leggja undir sig heimsálfuna. Iðnaðarborgir, umluktar kolaknúnum verksmiðjum, fóru fljótlega að einkenna ásjúnd austurstrandar Bandaríkjanna og hið svokallaða landnámsbelti færðist sífellt lengra vestur á bóginn.^{23,37} Eftir því sem byggðin þandist út voru fleiri skógar höggðir, kol og málmar grafið úr jörðu og ár virkjaðar, og á þann hátt var stöðugt gengið á áður óröskuð svæði. Breytingarnar frá óröskuðu umhverfi yfir í manngert urðu á þessum tíma það hraðar að fólk nánast sá þær gerast, og það sá einnig afleiðingar þessara breytinga. Í Evrópu höfðu ámóta breytingar átt sér stað allt frá iðnbyltingunni og þær stóðu því yfir í nokkrar aldir án þess að kynslóðirnar yrðu beinlínis varar við þær eða áttuðu sig á afleiðingum þeirra.^{23,36}

Á meðan lífsafkoma fólks var algjörlega háð duttlungum náttúrunnar skynjaði það fegurð í hinu manngerða, svo sem í ræktarlandi, sem gaf fyrirheit um betri afkomu. Eftir því sem tækniframfarir jukust jókst tiltrú fólks á yfirburði mannsins og getu hans til að nýta náttúruna. Fólk skynjaði því á þeim tíma enga fegurð í óbyggðum, og um tíma voru ríkjandi hugmyndir þær að óbyggðir

væru ógnvekjandi svæði utan öruggra marka mannlegrar búsetu.^{26,31} Með tilkomu rómantísku stefnunnar á fyrri hluta 19. aldar breyttist þetta viðhorf og fólk fór að sjá fegurð í villtri náttúru og óbyggðum svæðum. Þau urðu andstæða við borgarumhverfið sem var á mörgum stöðum orðið heilsuspillandi. Víðerni og óbyggðir voru flestu fólki óþekkt og því vöktu slík svæði einnig óttablandna hrifningu, sem hefur gjarnan verið lýst með hugtakinu ægífegurð (e. sublime). Eftir því sem líður á rómantíska tímabilið er óröskuð náttúra upphafin og álitin æðri þeirri náttúru sem nær var fólki.^{23,25,26} Nefna má ýmislegt annað sem ýtti undir þessa viðhorfsbreytingu gagnvart víðernum og óbyggðum svæðum, meðal annars bættar samgöngur og auðveldara aðgengi að óbyggðum svæðum. Með tilkomu járnbrautarlesta varð vinsælt að fara í lestarferðir og dást að náttúrunni út um lestartargluggann.³¹ Á 19. öld kemur myndavélin einnig til sögunnar og var þá hægt að fanga náttúruna á ljósmynd og sýna þeim sem ekki voru með í ferð eða nota í margs konar kynningarefni.³⁴ Þessi nýi sjónræni þáttur færði náttúruna nær fólki og jók stórlega þekkingu þess á stórbrotinni náttúru á afskekktum slóðum, og er hann talinn hafa haft mikil áhrif á stofnun þjóðgarða og verndun viðerna í hinum vestræna heimi.^{12,25} Inn í þessa sögu fléttast einnig þráður tengdur



sjálfstæði Bandaríkjanna þar sem náttúra landsins varð að sameiningartákní þeirra mörgu mismunandi þjóðarbrota sem byggðu landið, og ekki síður sem menningartákn til að greina bandaríska menningu frá þeirri evrópsku og byggja upp þjóðarstolt meðal íbúa hins nýja ríkis.^{25,36} Bandaríski heimspekingurinn og náttúruunnandinn Henry David Thoreau (1817–1862) á einnig mikinn þátt í því að efla umræðuna um mikilvægi villtrar náttúru. Hann lagði mikla áherslu á mikilvægi þess fyrir bæði andlega og líkamlega heilsu að njóta einveru og kyrrðar í villtri náttúru. Hann taldi að við það að komast úr manngerðu umhverfi borganna út í náttúruna kæmist fólk í samband við sjálft sig og yrði við það að betri manneskjum.³⁸ Segja má að þessi sýn Thoreaus marki enn í dag hugmyndir um hvað eigi að einkenna ferðalög um óspillta náttúru.

Upp úr þessum jarðvegi spratt hugmyndin um fyrsta þjóðgarð heims, Yellowstone-þjóðgarðinn í Bandaríkjunum, sem var stofnaður árið 1872 í því skyni að vernda stórbrotna náttúru og óröskuð víðerni fyrir almenning til að njóta um ókomna framtíð.²⁵ Sigrún Helgadóttir rekur þá sögu á skilmerkilegan hátt í grein sinni um Upphaf þjóðgarða.³⁶

SKILGREINING ÞJÓÐGARÐS
Á næstu áratugum eftir stofnun Yell-owstone-þjóðgarðsins voru þjóðgarðar stofnaðir víða um heim og af margvíslegum ástæðum. Sums staðar var markmiðið að varðveita landslag og annars staðar vistkerfi og/eða dýralíf. Oft var markmiðið að vernda náttúruna fyrir ýmiss konar nýtingu, svo sem skógarhöggi, námugreftri eða orkuvinnslu, en þjóðgarðar voru líka stofnaðir á svæðum sem menn töldu vera einskis virði með tilliti til landnýtingar.³⁹ Vegna þessa var þjóðgarðshugtakið útfært með mismunandi hætti víðs vegar um heim, sem stjórnadist meðal annars af því hvaða skilningur var lagður í orðin *þjóð* (e. nation, national) og *garður* (e. park), sem og mismunandi sýn þjóða á náttúruna, pólitísku landslagi á hverjum stað og tíðaranda hverju sinni.³⁹ Í áranna rás hefur því verið deilt um þjóðgarðsskilgreininguna og þær kröfur sem svæði þurfa að uppfylla til að geta kallast þjóðgarður.¹¹ Árið 1969 urðu þjóðgarðar einn af sex verndarflokkum Alþjóða-náttúruverndarsamtakanna (IUCN) og hafa samtökin gefið út viðmið sem ríki heims geta haft til hliðsjónar við stofnun þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða.^{40,41} Viðmiðunum er fyrst og fremst ætlað að vera leiðbeinandi við skipulag og verndun á viðkomandi svæðum. Hvert ríki setur sér því sitt eigið regluverk

þegar þjóðgarðar eru stofnaðir. Segja má að í Norður-Ameríku hafi almennt verið gerð krafa um lítil sem engin ummerki um búsetu manna og á þeim svæðum sem frumbyggjar bjuggu kom fyrir að þeim var bolað í burtu. Í Evrópu endurspegla þjóðgarðar hins vegar oftast blöndu af náttúru og menn-ingararfi hverrar þjóðar.¹¹

Skortur á sameiginlegri skilgreiningu hugtaksins *þjóðgarður* setur þjóðgarða í aðra stöðu en þau svæði sem eru á heimsminjaskrá (e. World Heritage List) Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) að því leyti að til að komast á þá skrá þurfa svæðin að uppfylla miklar og strangar kröfur. Slík svæði skulu hafa afdráttarlaust alþjóðlegt gildi með tilliti til náttúru og/eða menningar og flokkast undir sameiginlega arfleifð mannkyns sem um ríkir samkomulag að vernda. Hér á landi eru þrjú svæði á heimsminjaskránni: Þjóðgarðurinn á Þingvöllum frá árinu 2004, Surtsey frá 2008, og Vatnajökuls-þjóðgarður frá 2019.⁴² Tvö af íslensku svæðunum á heimsminjaskránni eru því þjóðgarðar. Þriðji þjóðgarður landsins er Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull. Hann var stofnaður á grundvelli laga um náttúruvernd en um Þingvallabjóðgarð og Vatnajökulsþjóðgarð gilda sérlæg. Þjóðgarðarnir þrír eru hins vegar allir í flokki II í IUCN-kerfinu (þjóðgarður, e. National Park).⁴³

ÞJÓÐGARÐAR SEM FERÐAMANNASTAÐIR

Strax og menn byrjuðu að velta fyrir sér stofnun fyrsta þjóðgarðsins í Bandaríkjunum komu fjárfestar auga á að slíkri stofnun gætu fylgt áhugaverðar viðskiptahugmyndir.³⁹ Svæðin mundu að líkindum hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn og því mætti hagnast vel á ýmiss konar fjárfestingum, svo sem í gistingu, járnbrautarlestum og afþreyingu, bæði innan þjóðgarðs og í næsta nágrenni. Aðrir töldu að slík uppbygging gæti komið niður á náttúruvernd á svæðunum og bentu á dæmi frá Niagara-fossunum sem voru orðnir vinsæll áfangastaður ferðamanna snemma á 19. öld. Árið 1870 var þar búið að byggja hótél, veitingastaði og verslanir á öllum bestu útsýnisstöðum að fossunum og svæðið þá þegar talið lýsandi dæmi um lélegan og subbulegan ferðamannastað.⁴⁴

Svipuð þróun fór af stað í Yosemite-dal við rætur Sierra Nevada-fjallgarðsins í Kaliforníu. Dalurinn fór að laða að ferðamenn upp úr miðri 19. öld og risu þar þá hótél, veitingastaðir og verslanir, og aðstaða var sköpuð til ýmiss konar afþreyingar. Mikið sjónarspil þótti til dæmis að horfa á „eldfossinn“ (Yosemite Firefall) falla tæpa þúsund metra frá Glacier Point, einum glæsilegasta útsýnisstað dalsins. Eldfossinn varð þannig til að kveikt var í trjáberki á kvöldin og glæð-

urnar látnar falla niður af granítklöppinni, og litu þær úr fjarlægð út sem glóandi foss. Þar var um að ræða afþreyingu sem einn af hóteleigendunum í dalnum stóð fyrir til að skemmta gestum sínum og laða að fleiri gesti.⁴⁵ Þegar náttúruunnendur sáu hvernig svæðið var byrjað að þróast og áttuðu sig á því hvert stefndi var farið að vinna að friðun þess. Var dalurinn og nánasta umhverfi hans friðlýst sem fylkisgarður (Yosemite State Park) árið 1864, átta árum áður en Yellowstone-þjóðgarðurinn var stofnaður. Nokkrum áratugum síðar, eða árið 1906, var Yosemite-dalurinn friðlýstur sem þjóðgarður. Gerðist það í kjölfar ferðar sem John Muir, mikilvægur áhrifavaldur í sögu þjóðgarða, fór með þáverandi Bandaríkjaforseta, Theodore Roosevelt, um svæðið. Forsetinn sannfærðist um að rétt væri að garðurinn færi undir forsjá ríkisins og yrði einn af þjóðgörðum landsins.²⁵

Með tilkomu einkabílsins á fyrri hluta 20. aldar varð bylting í samgöngumálum sem átti eftir að hafa mikil áhrif á þróun þjóðgarða og víðerna.^{46,47} Miklir fjármunir voru settir í vegagerð, sem varð til þess að náttúruleg svæði urðu mun aðgengilegri en áður. Einnig hafði það áhrif að á meðan heimsstyrjöldin fyrri stóð yfir voru ferðalög til og um Evrópu og útilokuð og stuðlaði þetta að auknum ferðalögum Bandaríkjamanna innanlands. Hjá millistéttinni varð

vinsæl afþreying að aka á nýkeyptum bílum sínum vestur á bóginn til að berja augum hina stórbrotnu náttúru í mið- og vesturhluta landsins. Af þessu leiddi að ferðamönnum sem ferðuðust akandi (e. motor tourists) til þjóðgarðanna og um þá fjölgaði mjög. Meirihlutinn sá því einungis náttúruna út um bílrúðu og það varð til þess að kröfur um aukið aðgengi jukust jafnt og þétt. Teygði vegagerðin sig því sífellt lengra inn í þjóðgarðana. Í kjölfarið stóðu þjóðgarðsyfirvöld frammi fyrir spurningunni um hvernig ætti að taka á móti öllum þeim ferðamönnum sem streymdu inn í þjóðgarðana, og bílunum þeirra að auki.⁴⁸

Með fjölgun ferðamanna í þjóðgörðum varð ljóst að regluverk þeirra dugði engan veginn til að vernda náttúruna; til þess þyrfti að koma til önnur og enn ákveðnari verndun. Sú verndun birtist í löggjöfinni um verndun víðerna (Wilderness Act) sem samþykkt var árið 1964 á bandaríska þjóðþinginu.⁴⁹ Í henni er lögð áhersla á að vernda víðáttumikil óröskuð svæði og var miðað við að lágmarksstærð væri 20 ferkílómetrar. Samkvæmt löggjöfinni er bönnuð öll starfsemi manna sem veldur röskun á náttúru, þar með talið virkjanir, skógarhögg, námuvinnsla og vegir, og að auki öll vélknúin umferð. Gönguferðir, hestaferðir og veiðar eru hins vegar leyfðar og lögð er áhersla á

4. mynd. Einkenni Zion-þjóðgarðsins í Bandaríkjunum eru þröng og djúp sandsteinsgljúfur og sérstæðar klettamyndanir. Þjóðgarðurinn var stofnaður árið 1919. Myndin er tekin á víðernum svæðis sem kallast West Rim. – Zion National Park is characterized by a maze of narrow, deep sandstone canyons and dramatic rock formations. The National Park was designated in 1919. The photograph is taken on a wilderness hike in the West Rim area. Ljósmynd: Anna Dóra Sæþórsdóttir.

Tafla 1. Róf afþreyingarmöguleika sem spannar frá víðernum yfir í manngert umhverfi. Sjá nánari lýsingu í Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl., (2007). – Recreation opportunity Spectrum (ROS) reflects how the level of access, development, and service increase when moving from primitive to urban on the spectrum.

Tegund svæðis	Víðerni <i>Wilderness / Primitive</i>	Lítið röskuð náttúra <i>Semi-primitive</i>		Náttúrulegt umhverfi <i>Roaded natural</i>	Dreifbýli <i>Rural</i>	Borgir <i>Modern</i>
Aðgengi	Engin vélknúin umferð <i>Non-motorized</i>	Engin vélknúin umferð <i>Non-motorized</i>	Vélknúin umferð leyfð <i>Motorized Road access</i>	Vegir <i>Road access</i>	Vegir <i>Roads</i>	Vegir <i>Roads</i>

að ferðalangar geti upplifað einveru og áskorun. Í löggjöfinni var sem sagt lögð veruleg áhersla á að halda vegum og vélvæddri umferð frá víðernum. Reynslan hafði sýnt að „þegar búið var að leggja vegi inn að hjarta víðerna, þá var nánast ógjörningur að stöðva öfl uppbyggingarinnar sem áttu eftir að eyða og loks tortíma víðernunum,“ eins og umhverfissagnfræðingurinn William Cronon kemst að orði í formála að bók sinni um bifreiðar og villta náttúru frá árinu 1996.⁵⁰ Hann bendir jafnframt á að með því að leggja vegi er ýmsum iðnaði veittur aðgangur að víðernum, til að mynda námu- og orkuvinnslu. Jafnframt eykur vegarlagning líkur á því að ferðamenn sem sækjast eftir annars konar ferðamennsku en vélvæddri afþreyingu hrekist burt.^{50–52}

STJÓRNUN ÞJÓÐGARÐA

Frá árdögum þjóðgarða í Bandaríkjunum og allt fram á sjöunda áratug 20. aldar voru mannhverf (e. *anthropocentric*) viðhorf ríkjandi við stjórnun þeirra.²⁵ Þjóðgarðarnir áttu að vera gestum sínum til gleði og yndisauka. Margt var gert til að auka þægindi gesta, eins og hótélbyggingar þessara tíma gefa til kynna, og til að skemmta gestum meðan á dvöl þeirra stóð, sem eldfossinn í Yosemite-dal er gott dæmi um. Viðhorf til stjórnnunar þjóðgarða breyttust smátt og smátt og urðu með tímanum náttúruhverf (e. non-anthropocentric), sem þýddi að í stað þess að leitast við að gera öllum til hæfis var nú lögð áhersla á að vernda náttúruna, þeim í hag sem vilja njóta hennar eins og hún er.²⁵ Þannig var eldfossasýningin í Yosemite-dal bönnuð árið 1968. Var það þá mat þjóðgarðsyfirvalda að þessi íkveikja væri ekki viðeigandi í þjóðgarði. Enn fremur þyldi þjóðgarðurinn ekki þann mikla fjölda ferðamanna sem viðburðurinn laðaði að og áganginn sem

þeim fylgdi; rusl sem gestir skildu eftir sig, traðk á gróðri og bílaumferð væri meira en dalurinn þyldi.⁴⁵ Til þess að halda neikvæðum áhrifum af ferðamennsku í lágmarki en efla á sama tíma jákvæð áhrif hefur víða verið farin sú leið að gera stjórnnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarða. Við gerð slíkrar áætlunar er gjarnan stuðst við svæðisskiptingu (e. zoning) sem unnin er út frá ólíku verndargildi náttúrunnar á ýmsum svæðum í þjóðgarðinum.⁶ Með hliðsjón af svæðisskiptingunni er gert ráð fyrir mismikilli uppbyggingu mannvirkja og umferð á mismunandi svæðum eða skipulagseiningum (e. zone). Róf afþreyingarmöguleika (e. recreation opportunity spectrum) byggist á slíkri nálgun og er líklega sú aðferð sem mest hefur verið notuð við skipulag þjóðgarða víða um heim, svo sem í Norður-Ameríku, Ástralíu og Nýja-Sjálandi.⁶ Aðferðin byggist á að flokka útivistarsvæði eftir því hversu náttúrulegt eða manngert umhverfið er. Eru víðerni álitin náttúrulegustu svæðin (tafla 1). Í verndaráætlunum þjóðgarða þar sem unnið er eftir þessari hugmyndafræði eru tekin frá afmörkuð svæði þangað sem æskilegast þykir að beina meginhluta gesta og þar eru innviðir fyrir fjöldann byggðir upp. Jafnframt eru tekin frá víðáttumikil svæði þar sem markmiðið er fyrst og fremst að vernda náttúruna sem víðerni og hlífa henni þannig við of miklum ágangi ferðamanna.⁵³ Meginstýribreytan hér er aðgengi, þ.e. vegir og vélknúin umferð. Í þjóðgörðum á því ekki að leitast við að gera öllum ferðamönnum til hæfis alls staðar heldur huga að sérstöðu hvers svæðis og miða alla uppbyggingu og stýringu umferðar við það markmið sem sett er fram í stjórnnar- og verndaráætlun fyrir einstaka hluta þjóðgarðsins.^{6,54} Þjóðgarðar eru gott dæmi um verkefni þar sem margir hagaðilar eiga

hlut að máli, og sýnist sitt hverjum þegar kemur að stjórnun þeirra. Þar getur verið um að ræða einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök og hið opinbera, og þessir aðilar hafa oft á tíðum mjög ólíkar áherslur þegar kemur að stjórnun þjóðgarða. Af hálfu ferðaþjónustunnar er yfirleitt lögð áhersla á markaðssetningu svæðisins en hið opinbera ber aftur á móti oftar en ekki ábyrgð á að tryggja verndun og/eða sjálfbæra nýtingu auðlinda á svæðinu.^{55,56} Í rannsókn sem Haukeland⁵⁵ gerði nýlega meðal ferðaþjónustuaðila í Noregi kemur fram að þeir eru almennt jákvæðir gagnvart þeim þjóðgörðum sem spurt var um en margir þeirra engu að síður ósáttir við að þeir fengu, að eigin mati, ekki að taka nægilega mikinn þátt í ákvörðunum. Haukeland bendir á að ferðaþjónustuaðilar séu oft heimamenn sem búa yfir mikilvægri þekkingu, til dæmis um nýtingu svæðisins, sem getur nýst við ákvarðanatöku um landnýtingu í þjóðgörðum. Það er því mikilvægt að ferðaþjónustuaðilar séu hafðir með bæði við að skipuleggja þjóðgarða og stýra þeim.

AÐDRÁTTARAFL ÞJÓÐGARÐA OG EFNAHAGSLEGT MIKILVÆGI

Eitt af því sem einkennir ferðamennsku er að hún er staðbundin, í þeirri merkingu að hvati ferðamanna er almennt að sjá og heimsækja ákveðna staði og upplifa að hafa verið þar. Útivist byggist aftur á móti á afþreyingu sem fólk stundar úti við í frítíma sínum og er ekki eins háð ákveðnum stöðum. Ef fólk til dæmis vill fara í gönguferðir eða útilegu koma margir staðir til greina. Ferðamennska og útivist eru engu að síður nátengd, þ.e. fólk stundar gjarnan ýmiss konar útivist á ferðalögum sínum. Þarna er líka veigamikill munur á tveimur grundvallarþáttum sem varða annars vegar tíma og hins vegar rými.⁵⁷



5. mynd. Fjölbreytilegar gönguleiðir liggja víða um Grand Canyon-þjóðgarðinn í Bandaríkjunum, bæði niðri í gljúfrinu sem og á börmum þess. – Many hiking trails are in the Grand Canyon National Park, both in the canyon itself as well as along the rim. Ljósmynd: Anna Dóra Sæþórsdóttir.

Rannsóknir hafa sýnt að friðlýsing eykur áhuga ferðamanna á að heimsækja svæði,^{5,58} sér í lagi ef þau eru friðlýst sem þjóðgarðar.^{59–61} Nefna má Fulufjället-þjóðgarðinn í Svíþjóð þar sem ferðamönnum fjölgaði um 40% eftir að svæðið var gert að þjóðgarði árið 2002.⁶² Í rannsókn frá Þýskalandi kom einnig í ljós að friðlýsing Hainich-þjóðgarðsins 1997 hafði áhrif á ákvörðun allt að 40% gesta um að heimsækja svæðið.¹⁵ Það að svæði sé gert að þjóðgarði gefur því táknræna merkingu og lítið er á það heiti sem ákveðna tryggingu fyrir því að þar sé eitthvað sérstakt að sjá. Þessi táknræna merking staðar skiptir miklu máli í neyslusamfélagi nútímans því að hún hefur áhrif á hegðun ákveðins hóps ferðamanna sem leitar uppi staði sem hafa þessa táknrænu merkingu.^{48,59,63,64} Þjóðgarðar eru þannig ákveðið „vörumerki“ sem stendur fyrir umhverfisgæði sem ferðamenn sækjast eftir.⁶⁰ Þjóðgarður virðist jafnframt vera sterkasta „vörumerki“ friðlýsingar og hefur mun meira aðdráttarafl en auðkennið *svæði á heimsminjaskrá* eða önnur auðkenni friðlýstra svæða.⁶⁰

Þjóðgarðar skapa störf og tekjur fyrir heimabyggðir, bæði vegna þjónustu við ferðamennina sem þangað koma og vegna starfa við vernd svæðisins. Efnahagsleg rök fyrir þær byggðir sem eru í nágrenni þjóðgarða og jafnvel á landsvísu bætast því við þegar stofnun þeirra er ígrunduð.^{15,53,65} Hugtakið verndunarhagfræði (e. conservation economy) er oft notað í þessu sambandi og hefur verið áberandi í umræðunni um friðlýst svæði.¹⁸ Umfang efnahagslegu umsvifanna fer þó eftir ýmsu, þó einna helst því hvers konar þjónusta er í boði innan þjóðgarðsins og í nágrenni hans. Rannsókn í Þýskalandi sýndi að gestir í þýskum þjóðgörðum borguðu að meðaltali mun minna á dag fyrir vörur og þjónustu en ferðamenn almennt í Þýskalandi vegna þess að tækifæri til neyslu eru fleiri í borgum en í dreifbýli.¹⁵ Í rannsókn sem gerð var á efnahagslegum áhrifum friðlýstra svæða á Íslandi var ekki aðeins tekið tillit til áhrifa sem skapast innan svæðanna sjálfra heldur einnig í nærumhverfi þeirra (skilgreint sem svæði í allt að 50 km fjarlægð).¹⁶ Meðal athugunarsvæða voru þjóðgarðurinn á Þingvöllum og

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, auk nokkurra áfangastaða innan Vatnajökulspjóðgarðs, svo sem Skaftafells og Ásbyrgis. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að efnahagslegu áhrifin eru umtalsverð. Hver gestur notaði að meðaltali 21.743 íslenskar krónur daglega í grennd við friðlýstu svæðin, en að auki voru tekjur af ferðamönnum taldar eiga hlut að 1.800 störfum í grennd við friðlýstu svæðin. Þjóðgarðurinn á Snæfellsnesi reyndist skapa um 3,9 milljarða króna árlega, ásamt 700 störfum. Þjóðgarðurinn hafði enn fremur ýmis önnur jákvæð áhrif fyrir nærliggjandi byggðir; hann skapar fjölbreyttari störf en áður voru í boði, laðar að svæðinu menntaðra fólk en áður var og eflir sjálfsmynd íbúanna.⁶⁶

UMRÆÐUR

Hið tvíþætta hlutverk þjóðgarða skapar jarðveg fyrir hagsmunaáreksra, og getur verið erfitt að finna jafnvægi á milli ólíkra hagaðila. Í greinargerð frumvarpsins um Hálendisþjóðgarð sem lagt var fram á Alþingi árið 2020¹ er komið inn á þetta tvíþætta hlutverk þjóðgarðsins og segir þar að grundvallarmarkmið þjóðgarðsins séu tvö:



6. mynd. Horft yfir hið stórbrotna árgljúfur Grand Canyon í samnefndum þjóðgarði, sem Colarado-fljótið hefur grafið á nokkrum milljónum ára. Grand Canyon-þjóðgarðurinn var stofnaður árið 1919 og var settur á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna árið 1979. – Grand Canyon National Park is in the Grand Canyon Gorge of the Colorado River, which has eroded earth layers through millions of years. The National Park was designated in 1919 and became a World Heritage Site by UNESCO in 1979. Ljósmynd: Anna Dóra Sæþórsdóttir.

Annars vegar að vernda náttúru og sögu þjóðgarðsins og snúa þau markmiði sérstaklega að viðhaldi víðerna og náttúru- og menningarmínja á heildstæðan hátt. Hins vegar að gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru, menning[ar] og sögu þjóðgarðsins ...

Þá er enn fremur nefnt það markmið:

... að auðvelda almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist. Unnið er að markmiði þessu meðal annars með innviðauppgjöfingu innan þjóðgarðsins.

Hér að framan var bent á að bætt aðgengi og auknir innviðir fyrir ferðamenn leiddu til fjölgunar ferðamanna og eru það því helstu stýribreyturnar hvað varðar verndun víðerna og óbyggðra svæða. Áskorunin við Hálendisþjóðgarðinn er því mikil. Í aldanna rás hefur miðhálandið einkennst af fjarveru mannsins en á síðari tímum hafa ýmis mannvirki verið gerð þar, svo sem virkjanir, vegir og fjallaskálar. Þegar til heildar

er litið er það þó staðreynd að þar er enn að finna víðfeðmustu víðerni landsins^{67,68} og er Hálendisþjóðgarði meðal annars ætlað að vernda þau. Í þeirri verndun annars vegar og markmiðinu um að auðvelda aðgengi í þjóðgarðinum og koma þar upp frekari innviðum hins vegar er fólgin þversögn. Almennt þýðir aukið aðgengi og meiri innviðir að gæði víðerna rýrna.^{69,70} Auk þess gefur auga leið að með auknu og betra aðgengi fjölga ferðamönnum og þar með eykst ágangur vegna þeirra. Fjölgun ferðamanna kallar enn fremur á aukna innviði en bæði mikill fjöldi ferðamanna og mannvirki skerða möguleika fólks til að upplifa lítt raskaða náttúru, kyrrð og ró.⁷¹

Í greinargerð frumvarpsins um Hálendisþjóðgarð kemur einnig fram að þjóðgarðinum er ætlað að hafa „jákvæð áhrif á byggðapróun og [vera] uppspretta tekna fyrir atvinnustarfsemi í nærumhverfinu og á landsvísu“.¹ Hér virðist vera byggt á hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar varðandi verndunarhagfræði þar sem litið er á þjóðgarða – og þar með náttúruna sem ætlað er að vernda – sem auðlind til að skapa tekjur fyrir ríki, byggðarlög og

ferðaþjónustufyrirtæki. Bent hefur verið á að sú þróun geti verið varasöm sé markmiðið að stefna að sjálfbærri framtíð.¹⁸

Þjóðgarðar víðast hvar í heiminum hafa í auknum mæli þurft að treysta á sjálfsaflafé, sem er ýmist aflað með gjaldtöku inn á svæðið eða með sölu rekstrarleyfa.^{18,72} Hér á landi var með náttúruverndarlögum árið 1999 tekin sú tímamótaákvörðun að leyfa gjaldtöku fyrir ferðalög um íslenska náttúru þar sem rekstraradilum var veitt leyfi til að taka „gjald fyrir veitta þjónustu“, sem og „gjald fyrir aðgang að svæðinu ef spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum“.⁷³ Tekjunum skal varið til lagfæringar, uppbyggingar, eftirlits eða aðkomu að svæðinu. Þetta er óbreytt í gildandi lögum um náttúruvernd.⁷⁴ Á svipuðum nótum er leyfð gjaldtaka í Vatnajökulsþjóðgarði⁷⁵ þótt henni hafi ekki enn verið beitt, að undanskilinni þeirri leið sem farin er í Skaftafelli að innheimt eru bílastæðagjöld. Sama leið er farin í Þingvallabþjóðgarði, og þar þarf að auki að greiða fyrir köfun. Í frumvarpi um Hálendisþjóðgarð eru svipaðar gjaldtökuheimildir, þ.e. fyrir veitta þjónustu,

gistingu og leyfisveitingar. Ef þessum gjaldtökuheimildum yrði beitt á sama hátt og gert er í Skaftafelli í Vatnajökulsþjóðgarði og Þingvallabþjóðgarði er í raun verið að ganga á almannarétt fólks, þ.e. rétt almennings til frjáls aðgangs að landi – og það á miðhálandi Íslands. Í frumvarpinu kemur hins vegar skýrt fram að almenningi er heimil för um þjóðgarðinn og í greinargerðinni segir jafnframt að það sé:

... samofið íslenskri menningu og hluti af sjálfsmynd þjóðarinnar að náttúra landsins sé undirstaða útivistar og hennar sé notið á heilbrigðan og sjálfbærnan hátt, hvort sem er í atvinnuskyni eða til upplifunar og ánægju. Hestaferðir á fornum reiðleiðum, gönguferðir um óbyggðir, smölun, sportveiði, skíðaiðkun, náttúruhlaup og hjóltreifar eru dæmi um ólík form nýtingar almannaréttarins og útivistar sem vel getur stutt við markmið þjóðgarðsins ef rétt er að málum staðið.

Hér er því á ferðinni ákveðin þversögn sem felst í því að almenningi er heimilt að ferðast um Hálendisþjóðgarðinn en síðan er líka sá möguleiki fyrir hendi að almenningur verði að borga gjald fyrir að koma þangað á bíl og leggja honum á svæðinu. Það eru ekki margir sem fara inn á miðhálandið án bifreiðar þar sem um langan veg er að ræða. Hugsanleg

gjaldtaka yrði í raun má líta svo á að í slíku afnámi eða skerðingu almanna-réttar á miðhálandinu fælist fórnarkostnaður fyrir þjóðina, sem væri tilkominn „ekki síst vegna vaxandi fjölda ferðamanna sem koma til landsins“ eins og segir í greinargerð með frumvarpinu um tilefni þess. Líklegt er að þetta myndi leiða til neikvæðs viðhorfs til ferðaþjónustunnar meðal almennings. Í frumvarpinu kemur einnig fram að í reglugerð sem ráðherra setji í kjölfar stofnunar þjóðgarðsins skuli kveða nánar á um reglur varðandi dvöl, umgengni og umferð ferðamanna og um heimild til að takmarka umferð á einstökum svæðum ef það er talið nauðsynlegt vegna náttúruverndarsjónarmiða. Ljóst er að ólíkir aðilar hafa hagsmuna að gæta þegar þjóðgarðar eru stofnaðir, og á það einnig við um þjóðgarð á miðhálandi Íslands. Til þess að ná sem mestri sátt um stofnun Hálendisþjóðgarðsins er nauðsynlegt að þekkja viðhorf allra þessara fjölbreyttu hópa og greina þarfir þeirra og óskir. Í grein í næsta hefti Náttúrufræðingsins munu höfundar fjalla um viðhorf eins hagsmunahóps, þ.e. ferðaþjónustuaðila, til stofnunar þjóðgarðs á miðhálandinu.

SUMMARY
The coexistence of national parks and the tourism industry

National parks are one way to achieve nature protection. Their aim is to con-

serve nature while at the same time welcoming guests who want to visit the protected area. Originally, national parks were established in order to preserve majestic nature and wilderness. The demand for nature tourism has increased globally and simultaneously, the term *national park* has been attributed a certain symbolic meaning. The protection of an area as a national park signifies that there is something remarkable to see. As such, national parks are tourist attractions and consequently also a marketing product for the tourism industry. In the last decades, there has also been an increase in the availability of diverse tourism services within or close to national parks. This has created revenues as well as jobs, which underlines the importance of national parks for rural development. However, tourism development within national parks creates various challenges with regard to the protection of the area. It is often heavily debated what type of development and infrastructure are appropriate within the boundaries of national parks, a debate which is shaped by people's different attitudes towards nature and the meanings ascribed to terms such as *national park* and *wilderness*. This paper presents a short overview of the history of national parks and discusses the at times contradictory relationship between nature protection and the tourism industry.



7. mynd. Zion-þjóðgarðurinn var stofnaður árið 1919. – Zion National Park was designated in 1919. Ljósmynd: Anna Dóra Sæþórsdóttir.



8. mynd. Angels Landing er ein vinsælasta gönguleiðin í Zion-þjóðgarðinum. Leiðin liggur eftir mjóðu klettabelti og eru snarbrattir háir klettaveggir beggja vegna. Vegna vinsælda leiðarinnar og náttúrulegra aðstæðna er oft þröngt og því hættulegt. Þjóðgarðs-yfirvöld tóku því upp á því árið 2022 að stýra aðgangi ferðamanna um leiðina og takmarka þar með fjölda ferðamanna og dreifa umferðinni betur. – Angels Landing is one of the most popular hiking trails in Zion National Park. The trail follows a unique narrow spine rock formation with steep cliffs on both sides. Due to the popularity of the route, it is often very crowded and thus dangerous and unmanageable. Thus, park authorities started a permit system for the route in 2022 limiting and distributing the traffic better. Ljósmynd./photo: Anna Dóra Sæþórsdóttir.

HEIMILDIR

- Þingskjal nr. 461/2020. Frumvarp til laga um hálendisþjóðgarð.
- Carver, S.J. & Fritz, S. 2016. Mapping Wilderness. Springer, Dordrecht. 204 bls.
- Protected Planet 2021. Explore protected areas and OECMs. https://www.protectedplanet.net/en/search-areas?geo_type=site (skoðað 14. mars 2022).
- Protected Planet 2021. Protected Planet Report 2020. <https://livereport.protectedplanet.net/> (skoðað 14. mars 2022).
- Balmford, A., Green, J.M.H., Anderson, M., Beresford, J., Huang, C., Naidoo, R., Walpole, M. & Manica, A. 2015. Walk on the wild side: Estimating the global magnitude of visits to protected areas. PLoS Biology 13. DOI: 10.1371/journal.pbio.1002074
- McCool, S.F., Clark, R. & Stankey, G.H. 2007. An assessment of frameworks useful for public land recreation planning. Department of Agriculture, Forest Service, Pacific Northwest Research Station, Portland.
- Wang, C.-Y. & Miko, P.S. 1997. Environmental impacts of tourism on U.S. national parks. Journal of Travel Research 35. 31-36. DOI: 10.1177/004728759703500405
- Zajchowski, C., Lackey, N.Q. & McNay, G.D. 2019. “Now is not the time to take a breather”: United States Federal Land Management Agency professionals’ perceptions at the 40th Anniversary of the Clean Air Act Amendments of 1977. Society & Natural Resources 32(9). 1003-1020. DOI: 10.1080/08941920.2019.1605436
- Ament, R., Clevenger, A.P., Yu, O. & Hardy, A. 2008. An assessment of road impacts on wildlife populations in U.S. national parks. Environmental Management 42(3). 480-496. DOI: 10.1007/s00267-008-9112-8
- Hall, C.M., Müller, D.K. & Saarinen, J. 2009. Nordic tourism: Issues and cases. Channel View, Bristol. 293 bls.
- Hall, C.M. & Frost, W. 2009. Introduction: The making of the national park concept. Bls. 3-15. í: Tourism and national parks: International perspectives on development, histories and change (ritstj. Frost, W. & Hall, C.M.). Routledge, London.
- Frost, W. & Hall, C.M. (ritstj.) 2009. Tourism and national parks: International perspectives on development, histories and change. Routledge, London. 376 bls.
- Budowski, G. 1976. Tourism and environmental conservation: Conflict, coexistence, or symbiosis? Environmental Conservation 3. 27-31. DOI: 10.1017/S0376892900017707
- Puhakka, R. 2008. Increasing role of tourism in Finnish national parks. Fennia - International Journal of Geography 186. 47-58.
- Mayer, M., Müller, M., Woltering, M., Arnegger, J. & Job, H. 2010. The economic impact of tourism in six German national parks. Landscape and Urban Planning

97. 73-82. DOI: 10.1016/j.landurbplan.2010.04.013
- Siltanen, J. 2018. Economic impact of Iceland’s protected areas and nature-based tourism sites. Institute of Economic Studies, University of Iceland, Reykjavík. 80 bls.
- Slocum, S.L. 2017. Operationalising both sustainability and neo-liberalism in protected areas: Implications from the USA’s National Park Service’s evolving experiences and challenges. Journal of Sustainable Tourism 25. 1848-1864. DOI: 10.1080/09669582.2016.1260574
- Dinica, V. 2017. Tourism concessions in national parks: Neo-liberal governance experiments for a conservation economy in New Zealand. Journal of Sustainable Tourism 25. 1811-1829. DOI: 10.1080/09669582.2015.1115512
- Jamal, T., Everett, J. & Dann, G. 2003. Ecological rationalization and performative resistance in natural area destinations. Tourist Studies 3. 143-169. DOI: 10.1177/1468797603041630
- Castree, N. 2005. Nature. Routledge, London & New York. 312 bls.
- Williams, R. 1976. Keywords: A vocabulary of culture and society. Oxford University Press, New York. 349 bls.
- Clifford, N., Holloway, S., Rice, S.P. & Valentine, G. 2008. Key concepts in geography. Sage Publications Ltd, London. 480 bls.
- Oelschlaeger, M. 1991. The idea of wilderness: From prehistory to the age of ecology. Yale University Press, New Have. 1991. 477 bls.
- Williams, R. 1980. Ideas of nature. Bls. 67-85 í: Problems of materialism and culture (ritstj. Williams, R.). Verso, London.
- Nash, R. 2014. Wilderness and the American mind. Yale University Press, New Haven. 300 bls.
- Cronon, W. 1996. The trouble with wilderness; or, getting back to the wrong nature. Bls 69-90 í: Uncommon ground: Rethinking the human place in nature (ritstj. Cronon, W.) W. W. Norton & Co., New York.
- Karl Benediktsson 2007. “Scenophobia”, geography and the aesthetic politics of landscape. Geografiska Annaler 89. 203-217. DOI: 10.1111/j.1468-0467.2007.00249.x
- Dear, M. 1994. Who’s afraid of postmodernism? Reflections on Symanski and Cosgrove. Annals of the Association of American Geographers 84. 295-300.
- Proctor, J.D. 1998. The social construction of nature: Relativist accusations, pragmatist and critical realist responses. Annals of the Association of American Geographers 88. 352-376.

- Woolgar, S. 1988. Science, the very idea. Tavistock, Chichester. 119 bls.
- Tuan, Y.-f. 1990. Topophilia: A study of environmental perception, attitudes, and values. Columbia University Press, New York. 1990. 999 bls.
- Demeritt, D. 2002. What is the social construction of nature? A typology and sympathetic critique. Progress in Human Geography 26. 767-790. DOI: 10.1191/0309132502ph4020a
- Pickerill, J. 2008. From wilderness to wild country: The power of language in environmental campaigns in Australia. Environmental Politics 17. 95-104. DOI: 10.1080/09644010701811681
- Macnaghten, P. & Urry, J. 1998. Contested natures. Sage, London. 307 bls.
- Mels, T. 1999. Wild landscapes: The cultural nature of Swedish national parks. Lund University Press, Lund. 257 bls.
- Sigrún Helgadóttir 1984. Upphaf þjóðgarða. Bls. 26-31 í: Ársrit Skógræktarfélags Íslands. Skógræktarfélag Íslands, Reykjavík.
- Karl Benediktsson 2000. „Ösnortin viðerni“, ferðamennska og miðhálendi Íslands. Landabréfið 16-17. 14-23.
- Thoreau, H.D. 1998. Selections from Henry David Thoreau, “Walking” and “Huckleberries”. Bls. 31-47 í: The great new wilderness debate (ritstj. Callicott, J.B. & Nelson, M.P.). The University of Georgia Press, Athens.
- Hall, C.M. & Frost, W. 2009. National parks and the ‘Worthless Lands Hypothesis’ revisited. Bls. 45-62 í: Tourism and national parks: International perspectives on development, histories and change (ritstj. Frost, W. & Hall, C.M.). Routledge, London.
- Dudley, N. & Stolton, S. 2008. Defining protected areas: An international conference in Almeria, Spain, May 2007. IUCN, Gland. 220 bls.
- IUCN á.á. Category II: National Park. <https://www.iucn.org/theme/protected-areas/about/protected-areas-categories/category-ii-national-park> (skoðað 14. mars 2022).
- Íslenska UNESCO nefndin á. á. UNESCO á Íslandi. <https://unesco.is/unesco-a-islandi/> (skoðað 14. mars 2022).
- Umhverfisráðuneytið 2011. Náttúruvernd: Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands. Umhverfisráðuneytið, Reykjavík. 478 bls.
- Healy, R. 2006. The commons problem and Canadas Niagara Falls. Annals of Tourism Research 33. 525-544. DOI: 10.1016/j.annals.2006.01.003
- Runte, A. 1993. Yosemite: The embattled wilderness. University of Nebraska Press, Lincoln & London. 271 bls.
- Cronon, W. 2006. Foreword: Look to the wilderness. Bls. IX-XIII í: Windshield wilderness: Cars, roads and nature in Washington’s national parks (ritstj. Louter, D.). University of Washington Press, Seattle & London. 288 bls.
- Youngs, Y.L., White, D.D. & Wodrich, J.A. 2008. Transportation systems as cultural landscapes in national parks: The case of Yosemite. Society & Natural Resources 21. 797-811. DOI: 10.1080/08941920801942065
- Sutter, P.S. 2002. Driven wild: How the fight against automobiles launched the modern wilderness movement. University of Washington Press, Seattle. 384 bls.
- The Wilderness Act of 1964
- Cronon, W. 2002. Foreword: Why worry about roads. Driven Wild. Bls. VII-XII í: How the fight against automobiles launched the modern wilderness movement (ritstj. Sutter, P.S.). University of Washington Press, Seattle.
- Edward H. Huijbens & Anna Dóra Sæþórsdóttir 2018. Virkjun áfangastaða – Samgöngubætur og virkjunarframkvæmdir. Náttúrufræðingurinn 88. 103-114.
- Tverjónaite, E., Rannveig Ólafsdóttir & Þröstur Þorsteinsson 2018. Accessibility of protected areas and visitor behaviour: A case study from Iceland. Journal of Outdoor Recreation and Tourism 24. 1-10. DOI: 10.1016/j.jort.2018.09.001
- Boyd, S.W. & Butler, R.W. 2009. Tourism and the Canadian national park system: Protection, use and balance. Bls. 102-113 í: Tourism and national parks: International perspectives on development, histories and change (ritstj. Frost, W. & Hall, C.M.). Routledge, London.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir & Rögnvaldur Ólafsson 2007. Ferðamennska við Laka. Háskólasetrið á Hornafirði, Höfn. 92 bls.
- Haukeland, J.V. 2011. Tourism stakeholders’ perceptions of national park management in Norway. Journal of Sustainable Tourism 19. 133-153. DOI: 10.1080/09669582.2010.517389
- Jamal, T. & Stronza, A. 2009. Collaboration theory and tourism practice in protected areas: Stakeholders, structuring and sustainability. Journal of Sustainable Tourism 17. 169-189. DOI: 10.1080/09669580802495741
- Hall, C.M. & Page, S.J. 2014. The geography of tourism and recreation: Environment, place, and space. Routledge, New York. 470 bls.
- Boyd, S.W. & Hall, C.M. 2005. Nature-based tourism in peripheral areas: Development or disaster? Channel View Publications, Clevedon. 281 bls.
- Leiper, N. 1990. Tourism systems: An interdisciplinary perspective. Massey University, Palmerston North. 289 bls.
- Wall-Reinius, S. & Fredman, P. 2007. Protected areas as attractions. Annals of Tourism Research 34. 839-854. DOI: 10.1016/j.annals.2007.03.011
- Weiler, S. & Seidl, A. 2004. What’s in a name? Extracting econometric drivers to assess the impact of national park designation. Journal of Regional Science 44. 245-262. DOI: 10.1111/j.0022-4146.2004.00336.x
- Fredman, P., Friberg, L.H. & Emmelin, L. 2007. Increased visitation from national

- park designation. Current Issues in Tourism 10. 87-95. DOI: 10.2167/cit293.0
- MacCannell, D. 1976. The tourist: A new theory of the leisure class. Schocken Books, New York. 214 bls.
- Richards, G. 2002. Tourism attraction systems: Exploring cultural behavior. Annals of Tourism Research 29. 1048-1064. DOI: 10.1016/S0160-7383(02)00026-9
- Mayer, M. 2014. Can nature-based tourism benefits compensate for the costs of national parks? A study of the Bavarian Forest National Park, Germany. Journal of Sustainable Tourism 22. 561-583. DOI: 10.1080/09669582.2013.871020
- Siltanen, J. 2017. Economic impact of national parks in Iceland: Case study of Snæfellsjökull national park. The University of Iceland, Reykjavík. 91 bls.
- Rannveig Ólafsdóttir & Runnström, M.C. 2011. Endalaus víðátta? Mat og kortlagning íslenskra víðerna. Náttúrufræðingurinn 81. 57-64.
- Ostman, D., Neumann, O. & Þorvarður Árnason 2021. Öbyggð viðerni á Íslandi – greining og kortlagning á landsvisu. Rannsóknasetur á Hornafirði, Höfn. 37 bls.
- Lesslie, R.G. & Taylor, S.G. 1985. The wilderness continuum concept and its implications for Australian wilderness preservation policy. Biological Conservation 32. 309-333.
- Hall, C.M. 1992. Wasteland to world heritage: Preserving Australia’s wilderness. Melbourne University Press, Carlton. 289 bls.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir & Hall, C.M. 2021. Visitor satisfaction in wilderness in times of overtourism: A longitudinal study. Journal of Sustainable Tourism 29. 123-141. DOI: 10.1080/09669582.2020.1817050
- Zou, S. 2020. National park entrance fee increase: A conceptual framework. Journal of Sustainable Tourism 28. 2099-2117. DOI: 10.1080/09669582.2020.1791142
- Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.
- Lög um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007.

UM HÖFUNDA



Anna Dóra Sæþórsdóttir (f. 1966) er prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands og er jafnframt forseti deildarinnar. Hún lauk BS-prófi í landfræði við Háskóla Íslands árið 1990 og MS-gráðu frá sama skóla árið 1992. Hún lauk doktorsprófi í mannvistarlandfræði frá háskólanum í Oulu í Finnlandi árið 2011. Doktorsritgerð hennar fjallaði um ferðamennsku á við-ernum. Rannsóknir hennar hafa meðal annars beinst að upplifun ferðamanna af náttúrunni og viðhorfi þeirra til mannvirkja á ýmsum ferðamannastöðum hér á landi og þá sérstaklega á hálendinu. Hún hefur einnig rannsakað viðhorf ferðamanna og starfsfólks í ferðaþjónustu til nýtingar náttúrunnar og mögulegra hagsmunaárekstra við orkuframleiðslu.



Rannveig Ólafsdóttir (f. 1963) er prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Hún lauk BS-prófi í landfræði við Háskóla Íslands árið 1992 og BS-gráðu í jarðfræði frá sama skóla árið 1994. Hún tók doktorspróf í náttúrufræði frá háskólanum í Lundi í Svíþjóð árið 2001. Doktorsritgerð hennar fjallaði um landhnignun og loftslagsbreytingar með áherslu á fjar-könnun og landfræðileg upplýsingakerfi. Rannsóknir hennar nú beinast meðal annars að samspili ferðamennsku og umhverfis, þar á meðal umhverfisáhrifum ferðamennsku, ferðamennsku og loftslagsbreytingum, sjálfbærri ferðamennsku, jarðminjaferðamennsku, kortlagningu víðerna og elfdri þátttöku almennings í skipulagi og ákvarðanatöku um landnotkun.

PÓST- OG NETFÖNG HÖFUNDA / AUTHORS' ADDRESSES

Anna Dóra Sæþórsdóttir, PhD
prófessor í ferðamálafræði
Verkfræði- og náttúruvísinda-
sviði Háskóla Íslands
Tæknigarði, Dunhaga 5,
107 Reykjavík
annadora@hi.is

Rannveig Ólafsdóttir, PhD
prófessor í ferðamálafræði
Verkfræði- og náttúruvísindasviði
Háskóla Íslands
Tæknigarði, Dunhaga 5,
107 Reykjavík
ranny@hi.is